

Miðstöð skólaþróunar á Akureyri heldur árlega vorráðstefnu sína 13. apríl, 2013

Skóli og nærsamfélag

-að verða þorpið sem elur upp barnið-

Vorráðstefna um menntavísindi haldin á Akureyri 13. apríl 2013

á vegum miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri



Að þessu sinni verður lögð áhersla á hugarfar og vinnubrögð sem þurfa að vera til staðar til að skóli geti í samspili við foreldra, umhverfi og samfélag uppfyllt þá menntastefnu sem birtist í aðalnámskrá, þ.e. stuðlað að merkingabæru námi fyrir nemendur á 21. öldinni.

[Frekar upplýsingar eru á vef Miðstöðvar skólaþróunar.](#)



Í dag: Ráðstefna útskriftarnema í uppeldis- og menntunarfærði við HÍ

*„Allt gott í veröldinni er rakið til góðs uppeldis“
Immanuel Kant*

Í dag, Föstudaginn 12. apríl, halda 3. árs nemar í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands [ráðstefnu þar sem kynnt eru BA verkefni ásamt öðrum verkefnum](#).

Ráðstefnan er haldin í Bratta, Stakkahlíð.

Heiti ráðstefnunnar er „Allt gott í veröldinni er rakið til góðs uppeldis” sem er bein tilvitnun í Immanuel Kant. Erindi ráðstefnunnar eru fjölbreytt og skemmtileg, og eru lýsandi fyrir hvað nám í uppeldis- og menntunarfræðum felur í sér.

Ráðstefnunni er skipt niður í þrjú þemu og er erindum raðað upp eftir viðfangsefnum þeirra.

- Líkamlegt og andlegt heilbrigði
- Skólamál og frístundir
- Uppeldi og heimilisaðstæður

Áætlaður tími fyrir hvert erindi er 8 mínútur og gefst tækifæri til spurninga að því loknu.

Gert verður stutt hlé bæði fyrir og eftir hádegi þar sem boðið verður upp á kaffi fyrir utan Bratta ásamt því að gert er ráð fyrir hálf tíma hádegishléi.

Veggspjöld með nánari upplýsingum um hvert erindi hanga fyrir framan ráðstefnusal og hvetjum við fólk til að skoða.



**Menntamálaráðherra setur
málþing um innleiðingu**

grunnþáttanna lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, setur málþing Félags heimspekikennara sem haldið verður í Réttarholtsskóla laugardaginn 13. apríl.

Dagskrá málþingsins er sem hér segir:



- Elsa Björg Magnúsdóttir: Raunverulegt gildismat?
- Ingimar Waage: Viðhorf kennara til lýðræðis í grunnskólastarfi
- Jóhann Björnsson: Kennslustund í lýðræði eða lýðræðisleg kennslustund?
- Kristín Dýrfjörð: Er ekki bölvað vesen að tengja grunnþáttinn lýðræði öðrum grunnþáttum?
- Ólafur Páll Jónsson: Lýðræði og mannréttindi sem grunnþáttur: Viðmið, markmið eða aðferð?
- Sigurlaug Hreinsdóttir: Samhljómur lýðræðisins

Málþingið er öllum opið og hefst kl. 13. Aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar má finna á vef Félags heimspekikennara, www.heimspektorg.is



Mikill áhugi á upplýsingatækni í skólastarfi á ráðstefnu 3F



Frá ráðstefnu 3F - Í skýjunum

Á föstudaginn 5. apríl hélt [3F-Félag um upplýsingatækni og menntun](#) sína árlegu ráðstefnu, sem að þessu sinni bar yfirskriftina „Í skýjunum“ til að vekja athygli á tæknilegar breytingar sem fylgja aukinni notkun svokallaðra „skýja“ fyrir bæði gagnageymslu og tölvuvinnslu. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við [Háskólann í Reykjavík](#) og [Upplýsingu-Félags bókasafns- og upplýsingafræðinga](#) í húsnæði HR í Nauthólsvík.

Áhuginn á ráðstefnunni kom ráðstefnuhöldurum verulega á óvart og þurfti að loka fyrir skráningar daginn fyrir ráðstefnuna þegar þær voru að nálgast 250 vegna plássleysis. Þetta er u.þ.b. tvöföldun á skráningum miðað við undanfarin ár. Líklega endurspeglar þetta aukinn áhuga á notkun upplýsingatækni í skólastarfi með tilkomu ódýrra og aðgengilegra tækja á borð við spjaldtölvur og snjallsíma. Einnig má velta fyrir sér hvort aukinn áhugi stafi ekki líka að einhverju leyti af aukinni meðvitund meðal skólafólks um [nauðsyn þess að þróa skólastarf í samræmi við breytingar á tæknilegum og](#)

[félagslegum veruleika ungs fólks.](#)

Meðal erinda á ráðstefnunni voru þrjú inngangserindi: Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri [MenntaMiðju](#), flutti erindi um „gagnaukinn veruleika“ ([sjá viðbótargrein og tengil á glærur hér](#)), Kristbjörg Olsen, verkefnisstjóri hjá [Kennslumiðstöð HÍ](#), flutti erindi um MOOC og Rakel Sölvadóttir & Eiríkur Hrafnsson, frá [Skema](#) og [GreenOloud](#), fluttu erindi um skólastarf í skýjunum. Erindi í málstofum spönnuðu yfir breiðan völl. Var m.a. rætt um ýmis tilrauna- og þróunarverkefni með spjaldtölvur, samfélagsmiðla, snjalltæki, o.fl.

Inngangserindi á ráðstefnunni voru tekin upp og verða þau gerð aðgengileg [á vef 3F](#) innan tíðar.



Í skýjunum – árleg ráðstefna 3F-Félags um upplýsingatækni og menntun

[3F – Félag um upplýsingatækni og menntun](#) heldur árlega ráðstefnu sína í samstarfi við Háskólann í Reykjavík á föstudaginn 5.

apríl, kl. 13 í Háskólanum í Reykjavík. Ráðstefnan í ár ber yfirskriftina „Í skýjunum“ og verður fjallað um möguleika upplýsingatækni og samskiptamiðla í kennslu, skólaþróun og skólastjórnun. Aðgangur er ókeypis.



[Smelltu hér til að sjá dagskrá ráðstefnunnar.](#)

[Smelltu hér til að skrá þig á ráðstefnuna.](#)



Um aðkomu ungs fólks að mótun menntastefnu



Ungir Reykvíkingar ræða um menntamál á fundi 2007

Hvernig myndi menntastefna líta út ef unga fólkið sem skólana sækir væri haft með í stefnumótun og ákvarðanatöku? [Fundarhaldarar á ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Laugum nýlega sendu frá sér ályktun um að:](#)

„Hafa verður samráð við ungt fólk þegar teknar eru ákvarðanir sem varða málefni þeirra eins og segir í 12. gr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.“

Menntamál eru vissulega málefni sem ungt fólk varðar og því vert að velta fyrir sér hvernig aðkoma þess að ákvarðanatöku og stefnumótun væri best háttað. Hér á landi hefur ungt fólk fengið einhver en þó takmörkuð tækifæri til að láta sínar

skoðanir í ljós. Væri möguleiki að festa í sessi beina aðkomu ungs fólks að mótun menntamála?

[Víða eru dæmi um að námsmenn taki þátt í mótun menntastefnu með einhverjum hætti](#) – oftast en ekki sem ráðgefandi aðilar en með takmörkuð áhrif á ákvarðanatöku. Nokkur ríki Bandaríkjanna hafa tekið stærra skref og tilnefna fulltrúa námsmanna til sinna menntanefnda (e. *state boards of education*) sem hafa fullan þátttökurétt í öllum nefndarstörfum og atkvæðisrétt í ákvarðanatökum. Þau fylki eru Kalifornía, Maryland (með takmarkaðan atkvæðisrétt), Massachusetts, Tennessee og Vermont (fulltrúi námsmanna situr í 2 ár og hefur takmarkaðan atkvæðisrétt fyrsta árið en fullan rétt annað árið). Fulltrúar nemenda í skólanefndum þessara ríkja eru valdir í samkeppni sem nemendur á menntaskólastigi (14-18 ára) hafa þátttökurétt í og sitja valdir fulltrúar annaðhvort í eitt eða tvö ár, eftir lögum ríkisins. Fulltrúar námsmanna fá kennslu í nefndarstörfum og menntamálum áður en þeir taka sæti í nefndinni. Einnig hafa fullorðnir fulltrúar í sumum ríkjum (t.d. Kaliforníu) kost á að sækja námskeið um samstarf við ungt fólk. Til eru mörg dæmi þess að fulltrúi námsmanna hafi haft töluverð áhrif á ákvarðanatöku í ýmsum málum í þessum ríkjum ([sjá t.d. öflugna grein Josephine Kao](#), fulltrúi námsmanna í menntanefnd Kaliforníu 2012-2013, um tillögu þess að skattar verði hækkaðir til að koma í veg fyrir niðurskurð í menntamálum – tillagan var samþykkt).

Reynsla Bandaríkjamanna af þátttöku námsmanna í mótun menntastefnu hefur víða vakið athygli. Helst er það þó reynslan í Kaliforníu, sem var eitt fyrsta ríkið til að koma á slíku fyrirkomulagi (fulltrúi námsmanna var fyrst hafður með í nefndarstörfum 1969 en hafði ekki atkvæðisrétt fyrr en 1983), sem yfirvöld margra landa hafa skoðað sem fyrirmynd af aukinni aðkomu ungs fólks að mótun menntastefnu.

Hér að neðan eru tenglar á útgefið efni þar sem er nánar fjallað um reynslu af þátttöku ungs fólks í mótun menntastefnu í Kaliforníu:

Involving youth in policymaking and coordinating youth policy:
State-level structures in California and other states.

Engaging youth in policymaking improves policies and youth
outcomes.

